

**Hæstaréttarmálið nr. 385/2007**  
**Ákærvaldið**

**gegn**

**Jóni Ásgeiri Jóhannessyni**

**Tryggva Jónssyni og**

**Jóni Gerald Sullenberger**

Áfrýjað er dómum Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. maí 2007 og 28. júní 2007 í málinu nr. S-514/2006.

**1. Dómkröfur ákærvalds**

Krafist er sakfellingar samkvæmt ákæru útgefinni 31. mars 2006 hvað varðar ákæruliði 2-9 og 11-19, auk varakröfu samkvæmt ákærulið 10, og að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þó er ekki gerð krafa um sakfellingu gagnvart ákærða Tryggva Jónssyni hvað varðar ákærulið 18. Þá er þess krafist að ákærðu verði jafnframt dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar á báðum dómstigum.

**2. Réttarfarsatriði**

**2.1 Athugasemd um réttarfar**

Af hálfu ákærvaldsins er lögð áhersla á að fjölmörg skjallæg sönnunargögn sýna án alls vafa fram á sekt ákærðu en að auki fá gögnin frekari stuðning í munnlegum framburðum vitna fyrir héraðsdómi. Í því ljósi og með tilliti til þess að úrslit máls þessa hljóta fyrst og fremst að ráðast af heildarmati á sönnunargildi skjallegra sönnunargagna, sem hafa stoð í vitnisburðum, telur ákærvaldið að Hæstarétti sé rétt að endurskoða sönnunarmat héraðsdóms í heild sinni. Í því sambandi má meðal annars vísa til dóma Hæstaréttar frá 10. febrúar 2005 í málinu nr. 334/2004 og frá 17. febrúar 2005 í málinu nr. 345/2004 en í síðarnefnda dóminum sagði meðal annars að mat á sönnunarfærslu á hendur ákærða sæti endurskoðun Hæstaréttar eftir því sem efni málsins gefi tilefni til, þar með talið hvort munnleg sönnunarfærsla, eins og héraðsdómari hafi metið hana, fái nægilega stoð í öðrum sönnunargögnum.

Telji Hæstiréttur á hinn bóginn að í framangreindri niðurstöðu héraðsdóms hafi falist mat á sönnunargildi framburða ákærðu eða tiltekinna vitna fyrir dómi og að sú niðurstaða kunní að vera röng svo einhverju skipti um úrslit málsins, þannig að rétturinn teljist ekki geta endurskoðað sönnunarmat héraðsdóms í heild sinni, getur reynst óhjákvæmilegt að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað, sbr. 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991.

**2.2 Tilgangur áfrýjunar**

Máli þessu er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu í því skyni að fá hrundið þeirri niðurstöðu hinna áfrýjuðu héraðsdóma frá 3. maí og 28. júní 2008 að sýkna ákærða Jón Ásgeir af refsikröfum ákærvaldsins samkvæmt ákæruliðum 2-14 og 16-18 og ákærða Tryggva Jónsson samkvæmt ákæruliðum 11-13 og hluta af ákæruefnum samkvæmt ákærulið 19, sbr. 148. gr. laga nr. 19/1991. Niðurstaða héraðsdóms hvað varðar ákæruliði 2-10 er einkum byggð á því að verulegur brestur sé á að refsiheimild 104. gr. hlutfélagalaga nr. 2/1995 sé svo skýr að hægt sé að dæma einstakling á